

Unnur Steingrimsdóttir

From: Unnur Steingrimsdóttir [unnur@bhm.is]
Sent: 1. desember 1998 19:32
To: 'nefndasvið@althingi.is'
Subject: Umsögn Bandalags háskólamanna um 183. mál, frv til [laga um breyting á] skaðabótal

Alþingi
Erindi nr. P 123/363
komudagur 2.12. '98

Nefndasvið Alþingis

Bt Áslaugar Árnadóttur,
nefndarritara allsherjarnefndar

1. Bandalag háskólamanna tekur undir og styður þær breytingar skv frv sem stefna að því að bæta hag launamanna að því er varðar bætur fyrir skerta starfsorku.
2. Bandalag háskólamanna vill lýsa sérstakri ánægju með þá tillögu frv að reikna álag á tekjur ungs fólks sem er að finna eða á eftir að finna sér ævistarf, oft að loknu háskólanámi sem líklegt er að leiði til frekari ævitekjuauka í síbreytilegu upplýsingabjóðfélagi.
3. Bandalag háskólamanna lýsir sérstökum stuðningi við að löggjafinn setji reglur um stuðul fyrir tjónþola, sem ekki hafa tekjureynslu, sem gildi jafnt fyrir bæði kyn og að litið sé fram hjá mismuni einstaklinga sem byggist á kynferði eins og skylt má telja skv 2. mgr 65. gr stjkskr.
4. Í framhaldi af þessu vill Bandalag háskólamanna vekja athygli á tillögum minni hluta undirbúningsnefndar skv 3. gr l nr 42/1996 sem er að finna í grg með frv á bls 77-8 en þar er lagt til að tekið verði tillit til síaukinnar þýðingar uppeldisstarfs og annars starfs heimavinnandi tjónþola og að við ákvörðun skaðabóta miðist tjón við framlag hans til þjóðfélagsins miðað við fjölskyldustærð.
5. Bandalag háskólamanna telur ekki fullnægjandi rök í athugasemdum með 4. gr frv (bls 7) fyrir því að dregið verði frá skaðabótakröfu 40% af eingreiðsluverðmæti örorkulífeyris frá lífeyrissjóði enda þótt rétt sé að um sé að ræða félagslegt úrræði - ma vegna lagaskyldunnar. Áréttað skal að upphaf lífeyriskerfisins, viðhald þess og farsæld má rekja til samninga launamanna við atvinnurekendur en ekki til aðgerða löggjafans. Ekki verður talið að útreikningsforsenda miðað við (6%) framlag atvinnurekanda sé fullnægjandi röksemd til þeirra skerðingar sem lögð er til í frv enda fela bæði framlag launamanns (4%) og atvinnurekanda í sér kjarasamningsbundin réttindi sem ófært er að löggjafinn skerði - aðeins ári eftir heildarsátt í lífeyrismálum og 5 árum eftir að skaðabótalög nr 50/1993 tóku gildi.
6. Bandalag háskólamanna vill hvetja til þess að rætt verði ítarlega það verulega álitamál hvort hverfa eigi nú (eftir aðeins 5 ára reynslu) frá þeirri stefnu löggjafans að miskabætur séu skyldubundnar - stefnu sem mörkuð var með 26. gr skaðabótalaga nr 50/1993 - en í frv er lagt til að aðeins verði um heimild að ræða. Í athugasemdum með 13. gr frv (bls 14) er ekki að finna nein rök fyrir þessari stefnubreytingu sem er til þess fallin að skerða rétt tjónþola en stefnan sem mörkuð var af löggjafanum 1993 var vel ígrunduð. Að öðru leyti telur Bandalag háskólamanna að 13. gr frv feli í sér verulega réttarbót að því er varðar miskabætur verði þau ákvæði að lögum.

Virðingarfyllt,
fh Bandalags háskólamanna,


Gísli Tryggvason framkvæmdarstjóri.